



Valgreinalýsingar

10. bekkur

2014 - 2015

Hópakerfi í Garðaskóla

Í 9. og 10. bekk í Garðaskóla er hópakerfi sem byggt er upp á áþekkan máta og áfangakerfi fjölbrautaskóla. Nemendur raðast í fjórar kjarnagreinar eftir frammistöðu/námsgetu og hver nemandi fær eigin stundaskrá. Dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði er skipt upp í mismunandi námshraða. Farið er í sömu námsþætti en á mismunandi hraða. Einnig getur námsefnið verið mismunandi eftir ferðum. Í hrað/miðferðum er farið yfir talsvert meira námsefni en í hægferðum.

Fagkennarar raða nemendum í svokallaðar ferðir í hverri grein. Tekið er mið af einkunnum á haustannarprófum og röðunin síðan endurskoðuð að vori. Innan hvorrar greinar eru sett ákveðin viðmið.

Hraðferðir miðast við nemendur sem hafa náð góðum tókum á markmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Hóparnir geta verið fjölmennir og gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Miðferðir miðast við nemendur sem hafa nokkuð góð tók á markmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Hóparnir eru miðlungsstórir.

Hægferðir miðast við nemendur sem hafa ekki náð góðum tókum á markmiðum árgangsins í viðkomandi námsgrein. Farið er hægar yfir námsefni og meiri stýring er á vinnu nemenda. Hóparnir eru fámennir. Kennsluáætlun hægferðarhópa gerir oft ráð fyrir því að nemendur séu með frávík frá almennum námsmarkmiðum árgangsins. Ákvarðanir um aðlagð námsefni og námsmat eru ávallt teknar í samráði við forráðamenn nemenda.

Flugferðir í 9. bekk miðast við duglega og afkastamikla nemendur sem geta farið hraðar yfir námsefni. Í flugferðum ljúka þeir yfirferð um námsmarkmið 9. og 10. bekkjar í faginu. Þeir geta síðan sótt um nám í fjölbrautaáföngum í 10. bekk hafi þeir staðist kröfur um lágmarksárangur.

Fjölbrautaáfangar í 10. bekk samsvara fyrstu áföngum í framhaldsskóla. Þá er hægt að stunda í ensku, íslensku, stærðfræði og fatahönnun. Nemendur sem ljúka þessum áföngum geta fengið nám sitt metið til eininga við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og jafnvel fleiri skóla. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að nemendur stundi fjarnám við framhaldsskóla hafi þeir lokið grunnskólaprófi.

Valgreinar

Í 9. og 10. bekk er nemendum gefinn kostur á að velja sér valgreinar. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og miða við áhugasvið og framtíðaráform hans. Val fer fram í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Því miður er ekki hægt að verða við óskum allra en takmarkaður fjöldi kemst í hvern hóp. Mjög mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað svo ekki þurfi að gera breytingar eftir að búið er að útbúa stundatöflu fyrir hvern og einn.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til þess að lesa vel þennan bækling og kynna sér upplýsingar um námsbrautir og inntökuskilyrði í framhaldsskóla sjá www.menntagatt.is. Námsráðgjafar veita ráðgjöf um námsval og einnig geta kennarar og stjórnendur aðstoðað nemendur og foreldra.

Tungumál

Danskar kvikmyndir (Dkv 3002)

Horft á danskar kvikmyndir og þætti. Nemendur ræða um og vinna með það sem þeir sjá.

Markmiðið er að nemendur:

- heyri sem mesta dönsku og verði færir um að tileinka sér málið fyrirhafnarlítið þegar framsetning er áheyrileg
- geti hlustað á og skilið dönsku í kvikmyndum sér til gamans og ánægju
- verði færir um að tjá sig um afmörkuð efni á nokkuð vel skiljanlegu máli
- geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á viðfangsefni sem unnið er með

Valáfanginn er próflaus en námsmat felst í vinnu og virkni í kennslustundum, fjölbreyttu símati og einu hópverkefni á önn.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Enska, fjölbrautaáfangar (Ens 2104)

Þetta val er ætlað þeim nemendum sem lokið hafa Ensku 9044 (flugferð). Námsmarkmið eru þau sömu og í ENSK2MT03 og ENSK2MS03 í Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Námssefnið, kennslubækur, kjörbækur og annað efni, er að langmestu leyti það sama. ENSK2MT03 er tekin á haustönn og námsefni ENSK2MS03 á vorönn. Mikilvægt er að nemendur temji sér að skila verkefnum á skiladegi.

Kennslustundir eru fjórar á viku.

Enska og kvikmyndir (Enk 2002)

Þessi valáfangi er ætlaður þeim nemendum sem vilja auka orðaforða sinn, skilning og þekkingu á menningu/sögu enskumælandi landa í gegnum kvikmyndir og sjónvarpsefni. Viðfangsefnin tengjast ýmsum þáttum úr sögu og menningu þeirra þjóða sem hafa ensku að móðurmáli einkum Bandaríkjum Norður Ameríku og Stóra-Bretlands. Nemendur afla sér einnig upplýsinga um einstaka kvikmyndir, sögu þeirra og gerð. Verkefnin verða bæði skrifleg og munnleg.

Markmið

- Að auka orðaforða og hlustunarfærni í ensku.
- Að kynnst mismunandi menningarstraumum og ýmsum þáttum úr sögu enskumælandi landa.
- Að þjálfra munnlega færni í ensku.

Námsþættir

Notast verður við kvikmyndir og sjónvarpsefni frá ýmsum svæðum hins enskumælandi heims.

Kennsluáðferðir

Hópvinna, einstaklingsvinna.

Námsgögn

Verkefni frá kennara.

Námsmat

Verkefni 60%, vinna og virkni 40%.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Íslenska, fjölbrautaáfangi (Ísl 2104)

Fjölbrautaáfanginn í íslensku er framhald af flugferðaráfanga í 9. bekk. Námsefnið miðast við kennsluáætlanir í fyrstu tveimur áföngum Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Nemendum býðst að taka lokapróf við lok hvors áfanga í FG. Námsefni ÍSLE2BR03 er kennt á haustönn og námsefni ÍSLE2MG03 á vorönn, alls sex framhaldsskólæiningar í íslensku.

Kennslustundir eru fjórar á viku.

Skeggrætt og skrifað (Ske 2001)

Markmiðið er að nemendur:

- fái þjálfun í að koma fram og flytja mál sitt
- þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu og fylgja skoðunum sínum eftir
- læri að virða skoðanir annarra og að eðlilegt sé að skoðanir geti verið skiptar
- læri helstu fundarsköp og verði færir um að stjórna fundi

Ennfremur að nemendur:

- skrifi sér til ánægju undir leiðsögn kennara
- kynnist mismunandi stílbrögðum
- tileinki sér gott málfar í skrifum sínum ásamt fjölbreyttu orðavali
- fái nokkra þjálfun í ljóðagerð, bæði hefðbundinni og óhefðbundinni

Á málfundum verður rætt um málefni sem valin verða af nemendum eða kennara eftir atvikum. Fylgt verður hefðbundnum fundarsköpum og stefnt að því að hafa umræðurnar sem málefnalegastar. Nemendur munu fá leiðsögn og þjálfun í framsögn og fundarstjórn.

Í rituninni verður áherslan sú að nemendur hafi ánægju af skrifunum. Þeir munu því ráða umfjöllunar- og yrkisefnum en fá góð ráð og leiðbeiningar meðan á vinnu þeirra stendur.

Stefnt verður að því að fara í vettvangsferðir, m.a. á Alþingi og ritstjórnarskrifstofur fjölmiðla. Einnig verður reynt að fá bæði rithöfund og ræðuskörung í heimsókn.

Námsmat byggir að miklu leyti á virkni og frammistöðu nemenda í tímum og er að hluta til sjálfsmat. Ritunarverkefni nemenda gilda einnig til einkunnar.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Kennslustund er ein á viku.

Stærðfræði

Stærðfræði, fjölbrautaáfangi (Stæ 2104)

Þessi hópur er framhald af flugferðarhópnum í 9. bekk og er ætlaður duglegum nemendum sem áhuga hafa á að læra stærðfræði á framhaldsskólastigi. Stærðfræði 103 er tekin á haustönn og stærðfræði 203 á vorönn.

Kennslustundir eru fjórar á viku.

Stærðfræðigrunnur (Stæ 2001)

Markmið áfangans er að nemendur bæti sig í stærðfræði með því að styrkja hjá sér stærðfræðigrunninn. Farið verður ítarlega í grunnatriði stærðfræðinnar sem nauðsynlegt er að kunna til að standa sig vel í stærðfræði 10. bekkjar. Í tímum verður einnig kennt á vasareikni sem er mjög nauðsynlegur þáttur þess að nemendur standi sig vel í stærðfræði.

Kennslustund er ein á viku.

List- og verkgreinar

Fatahönnun 2 (Fat 3002)

Markmið: Að nemendur verði færir um að:

- Vinna með snið og uppskriftir.
- Nota sniðblöð, breyta sniðum eftir eigin hugmyndum og sníða.
- Taka líkamsmál, áætla stærðir og átta sig á efnisþörf.
- Vinna hugmyndavinnu og skreyta flík á skapandi og persónulegan hátt.
- Nýtt margvíslega miðla til að nálgast upplýsingar.
- Gera sér grein fyrir sjálfbærni í tengslum við tísku og textíldnað.
- Sjá um kynningu á hönnuði eða starfsgrein tengdri tísku eða fatagerð.
- Bera sameiginlega ábyrgð á sýningu/tískusýningu.

Verkefni: Á haustönn fá nemendur þjálfun í að vinna tiskuteikningar eftir eigin hugmyndum, vinna með einföld snið og sniðbreytingar og sníða og sauma. Áætlað er að lokið sé tveimur verkefnum á önninni.

Á vorönn er áherslan á sparifatnað með árshátíð nemenda í huga. Nemendur vinna sjálfstætt að hönnun og útfærslu á flík með áherslu á hugmyndavinnu. Lokaverkefni sem tengist handverki og hönnun er unnið í hópavinnu og flutt í kennslustund. Farið verður á sýningu fatahönnuðar eða í vettvangsferð þar sem sýnd er íslensk hönnun.

Námsmat: Námsmat til grundvallar einkunnagjöf felur í sér atriði eins og sjálfstæði í vinnubrögðum, skilning og vinnusemi í kennslustundum, umgengni og fullunnar flíkur. Ferilmappa endurspeglar vinnu vetrarins. Aukið nám í fatahönnun hentar vel nemendum sem hafa gaman af að hanna og sauma eða vilja læra það. Einnig þeim sem stefna á listabrautir framhaldsskólanna.

Kennslustundir eru tvær á viku en boðið er upp á frjálssa val tíma að auki.

Textíl- og fatahönnun, fjölbrautaáfangi (Tex 2104)

Þessi áfangi er ætlaður fyrir nemendur sem lokið hafa fatahönnun 1 og 2 í 9. bekk og hafa áhuga á að hanna og sauma flíkur eftir eigin hugmyndum. Náms efni er sambærilegt og kennt er í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í FATA 1SS03. Nemendur ljúka einum þriggja eininga áfanga framhaldsskólans á skólaárinu.

Námsmat byggir aðallega á vinnu við flíkur, ferilmöppu með hönnun og sniðavinnu og vinnusemi og sjálfstæð vinnubrögð í tímum. Unnið er með grunnsnið og nemendur vinna eigin snið út frá þeim.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Prjón og Hekl (Prj 3001)

Markmið: Að nemandi

- fái grunnþjálfun í prjóni og hekli
- læri að teikna og útfæra eigin mynstur.
- kunni að lesa uppskriftir á íslensku og vinna eftir þeim.
- séu tilbúnir til að taka þátt í umræðum og ræðst umræðuefnið af áhuga hópsins.
- læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að geta prjónað.
- geti prjónað og horft á kvikmynd og munum við þjálfna það.

Verkefni:

Á haustönn verða smærri verkefni þar sem sem byggt er ofan á þá kunnáttu sem fyrir er.

Á vorönn er stefnt að því að prjóna peysu eða tvö smærri verkefni.

Námsmat: Felst aðallega í vinnusemi í tímum og heima, sjálfstæði í vinnubrögðum og þeim verkefnum sem unnin eru.

Kennslustund er ein á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Skapandi verkstæði (Ska 3002)

Í skapandi verkstæði verður áherslan á fjölbreytt vinnubrögð og unnið með margskonar efnivið. Nemendur hafa talsvert val um viðfangsefni en þó eru nokkrar aðferðir sem allir fá að spreyta sig á. Hver og einn getur að nokkru leiti stýrt sínu verkefnavali og útfært eftir eigin hugmyndum. Notaðar verða spjaldtölvur við hugmyndaleit. Unnið verður með steypu, gler, efni og garn, leður, pappír, fatalit, ljósmyndun og endurnýtanlegt efni af ýmsu tagi. Á hvorri önn ætti að vera hægt að vinna nokkur verkefni. Hver hlutur tekur að jafnaði 2-4 tíma í vinnslu.

Í valgreininni er lögð áhersla á gerð ferlimöppu og endurspeglar hún í myndum og máli verkefni og vinnu annarinnar. Nemendur koma með hugmyndir að hlutum sem þeir hafa áhuga á að vinna í mismunandi efni.

Námsmat: Hæfin í að vinna með þeim efnum og aðferðum sem lagðar eru fyrir verða metnar. Þar skiptir máli: sjálfstæði og samvinna, skilningur og vinnusemi, sköpun og að geta farið eigin leiðir og ábyrgð og mat á eigin námi(sjálfsmat).

Námið hentar vel skapandi einstaklingum eða þeim sem vilja láta á það reyna.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Smíði (Smí 3002)

Lögð verður áhersla á að nemendur hanni sjálfir og útfæri sín verk. Unnið verður úr eigin hugmyndum nemenda eftir því sem við verður komið. Efniviður verður tré af breytilegum tegundum, járn og aðrir málmar eftir atvikum. Önnur efni verða tekin til skoðunar eftir atvikum svo sem steinsteypa eða plast.

Meginmarkmið fagsins er að hvetja til hönnunar og virkja hugmyndaauðgi hvers og eins og færa viðfangsefni frá hugmynd til fullsmíðaðs hlutar. Lögð verður áhersla á véla- og verkfæranotkun við hæfi og meðferð efna við frágang og yfirborðsmeðferð. Verkefni geta verið nánast hvað sem er svo fremi að það sé innan þeirra marka að gera megi ráð fyrir að viðkomandi geti unnið verkið til fullnustu að mati kennara.

Stefnt verður að nota þrívíddar-teikniforrit við úrvinnslu hugmynda eftir því sem við verður komið.

Námsmat skiptist í handverk- vinna og virkni og vinnubók

Kennslustundir eru tvær á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Myndlist (Myn 3001)

Margbreytileiki í myndlist.

Unnið verður með teikningu, málun, grafík, leir, tölvur og ljósmyndun og fl.. Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum við sjónræna sköpun sem eflir þá í sjálfstæði í vinnubrögðum. Lögð er áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun með samræðum við nemendur um þeirra eigin verk og annarra. Nemendur fá fræðslu í listasögu samhliða verkefnavinnu og er sjónum beint að gagnrýnu hlutverki sjónlista í samfélaginu.

Í lok skólaársins vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjálfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

Kennslustund er ein á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Leir og gler (Log 3002)

Í áfanganum Leir og gler verður unnið að mörgum ólíkum verkefnum í mismunandi efnum.

Í Leir og gler verður unnið að munum úr leir, gler, steypu, gipsi og pappamassa. Eins og nafnið gefur til kynna þá verður mest unnið með leir og gler.

Aðaláhersla áfangans er að nemendur læri að vinna með þau ólíku efni sem bjóða upp á svo marga skemmtilega möguleika.

Í leir verður hægt að vinna skúlptúr, lágmynd og nytjahluti eins og skál og bolla eða annað sem nemendum dettur í hug. Nemendur fá að prufa að renna

leir og er skylda að gera a.m.k. eitt verkefni. Einnig verður kennt að vinna með fljóttandi leir sem hellt er í þar til gerð mót. Í leirmunagerð verða einnig nokkrar aðferðir kenndar til skreytingar.

Í glervinnslu verður unnið í tvennskona gler: rúðugler og Bullseye-gler. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að umgangast gler, geti skorið það, þússað og þrifið og notað glerliti. Hægt verður að vinna að mynd, nytjahlut eins og skál eða kertastjaka og einnig verður kennt að gera skartgripni úr gleri. Verkefni sem unnin verða í steypu, gips og pappamassa eru verkefni sem taka ekki langan tíma og er aðal áherslan að nemendur fái að kynnst þessum efnum.

Nokkur skylduverkefni verða lögð fyrir og einnig verður frjáls hönnun verkefna. Í lok skólaárs vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á að vinna með.

Í námsmati er lögð er áhersla á hönnun og frumleika allan veturinn og gerð krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Margmiðlun (Mar 3001)

Námsþættir:

- Netíð.
- Heimasíðugerð.
- Myndvinnsla.
- Þrívíddargrafík (3D) Þrívíddarmyndir og hreyfimyndir.
- Forritun; HTML, CSS og inngangur að JAVA, PYTHON ofl.

Markmið er að nemendur:

- kynnist því að nota margmiðlun til framsetningar á efni
- kunni að beita upplýsingatækni og margmiðlun til þess að afla sér upplýsinga.
- hafi raunhæfar væntingar til tölvu og upplýsingatækni.

Til að gera heimasíður og margmiðlunarefni þarf þó nokkra undirbúningsvinnu. Ætlast er til að þessi undirbúningsvinna verði að mestu heimavinna.

Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjalfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

Kennslustund er ein á viku

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Verk- og listgreinaval lönnskólans í Hafnarfirði (lön 2002)

Markhópur: 10. bekkingar í grunnskólunum sem vilja kynna frekar vinnulagi og aðferðum í verk- og listnámi til að undirbúa sig fyrir framhaldsnám.

Markmið:

- Að efla tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.
- Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og möguleikum framhaldsmenntunar að því loknu.
- Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla
- Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein
- Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.
- Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum

Viðfangsefni:

Nemendur kynna ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi sex viðfangsefnum:

1. Listnám (formlistir, sjónlistir)
2. Tréið
3. Málmið
4. Rafið
5. Hársnyrtið
6. Pípulagnir

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á viku, 3 x 40 mín. Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera sjálfstætt skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lagt fram í viðkomandi skóla.

Kennslustundir eru á fimmtudögum kl. 14.30-16.30. Þrjú samliggjandi tímar á viku í 18 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af lönnskólanum):

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
2. sept. -11. okt.	14. okt.- 29. nóv.	13. jan.–21. feb.	24. feb.– 4. apríl

Kennslustaður er lönnskólinn í Hafnarfirði.

Kennarar í lönnskólanum á viðkomandi kennslusviðum sjá um kennsluna.

Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað líkt og um hverja aðra valgrein utan grunnskóla og á eigin kostnað.

Stuttmyndagerð (Stu 2002)

Námsþættir:

- Handrit.
- Kvikmyndatökur.
- Klippingar.
- Hljóð.

Viðfangsefni stuttmyndahóps eru margvísleg. Unnið verður með heimildamynda- og fræðslumyndaformið ásamt því að nemendur fá tækifæri til að útfæra eigin hugmyndir í samvinnu við kennara og aðra í hópnum.

Til að gera kvikmyndir þarf mikla undirbúningsvinnu. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að leggja mikið á sig. Þeir þurfa að sýna frumkvæði og geta unnið saman í hóp. Ennfremur þurfa þátttakendur að vera tilbúnir til að leika í þeim myndum sem gerðar verða. Til þess að ofangreindum skilyrðum verði fullnægt áskilur kennari sér rétt til að velja nemendur að undangengnu viðtali.

Námsmat er byggt á skilaverkefnum og sjálfsmati nemenda í tengslum við verkefni.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Tónlistarsamspil (Tós 3002)

Þessi valáfangi er ætlaður fyrir hljóðfæraleikara og söngvara sem vilja komast í hljóðfærasamspil innan Garðaskóla. Markmiðið er að búa til einingar hljóðfæraleikara (hljómsveitir) sem geta flutt tónlist við valin tækifæri í skólafarfi og jafnvel komið fram á vegum skólans. Möguleiki er á uppsetningu söngleiks þar sem tónlistarflutningur væri í höndum þátttakenda. Skilyrði er að nemendur hafi reynslu af hljóðfæraleik eða söng. Fjöldi þátttakenda verður takmarkaður eftir áheyrnarprufur í vor.

Þessi hópur er tengdur starfsemi Garðalundar.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Náttúrufræðigreinar

Ekki er hægt að velja bæði Líf 2002 og Eðl 2002

Líffræði (Líf 2002)

Áherslur í þessum líffræðiáfangi skiptast í tvennt.

Fyrir áramót er farið í erfðafræði og þróun lífsins. Markmið þess hluta er að nemendur fái greinargóða þekkingu á því hvernig eiginleikar berast á milli kynslóða og helstu kenningar um þróun mannsins. Helstu efnisatriði verða *DNA, samspil erfða og umhverfis, lögmál erfðanna, ríkjandi/víkjandi gen, fjölgene erfðir, klónun, stofnfrumur, erfðagallar, stökkbreytingar, náttúruval, upphaf lífsins og uppruni manna*.

Eftir áramót er farið í umhverfisfræði. Helstu markmið seinni hlutans eru að nemendur þekki og skilji áhrif mannsins á umhverfið og umhverfisins á okkur. Þau efnisatriði sem verða í brennidepli eru *ljóstillífur, hringrásir efna, orkuflæði, tengsl lífvera, vistkerfi, íslenskt gróðurlendi, neysla mannsins, orkugjafir, gróðurhúsaáhrifin, óson, loftmengun, ofauðgun umhverfisins og umhverfiseitur*.

Unnin verða fjölbreytt verkefni bæði skrifleg og verkleg, auk reglulegra skyndiprófa. Ekkert lokapróf.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Eðlisfræði og erfðafræði (Eðl 2002)

Fyrir áramót verður kennslubókin Orkan lögð til grundvallar kennslunni. Að námi loknu eiga nemendur að kunnir skil á lögmálum orkunnar og helstu formum td. varmafræði, rafmagni, kjarnorku, hljóði og rafsegulbylgjum. Eftir áramót verður fjallað um erfðir, DNA, erfðafræði Mendels, ríkjandi og víkjandi, litninga, erfðagalla o.fl. Nemendur kynna sér það sem er efst er á baugi í þessum efnum td. stofnfrumur, klónun, erfðabreytt matvæli o.fl.

Megin markmið kennslunnar er að gera nemendum kleift að taka þátt í og mynda sér skoðanir á þeim margvíslegu álitamálum sem blasa við í nútíð og framtíð í málefnum tengdum orku og erfðafræði.

Auk þessa verða tækifæri sem gefast nýtt til að rifja upp og bæta við þekkingu nemenda í öðrum námsþáttum raungreina td. efnafræði og eðlisfræði.

Námsmat: Vinna nemenda í tímum, verklegum og skriflegum æfingum metin. Stutt próf í lok hvers kafla.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Útivist og næringarfræði (Úti 3001)

Heildarmarkmið áfangans snýr að því að nemendur efli heilsuvitund sína, kynnist umhverfinu og geti tekið upplýstar ákvarðanir varðandi fæðuval. Áherslur í áfanganum skiptast á milli útivistar og næringarfræði og verður þeim því lýst sitt í hvoru lagi.

Farið verður í tíu göngur yfir veturinn (fimm á hvorri önn). Göngurnar munu taka ca. 2-4 klst í hvert skipti og gengið verður á þriðjudögum/sunnudögum. Í einhverjum tilfellum er gengið frá skólanum eða tekinn strætó, en einnig verður nauðsynlegt að fá aðstoð foreldra/forráðamanna til þess aka nemendum til/frá göngusvæða. Reiknað verður með því að gengið verði í ágúst-október og aftur í mars-maí. Í nóvember-febrúar verður áherslan á næringarfræði og því mæting í tíma samkvæmt stundaskrá á því tímabili.

Í næringarfræðinni verður áhersla á hlutverk næringarefna fyrir mannslíkamann og tengsl næringar & heilsu, hlutverk og jafnvægi hinna ýmsu efna sem gefa frumum líkamans orku. Auk þýðingu vítamína / steinefna / annarra efna sem við fáum með fæðunni og hugsanlegar hættur sem stafað geta af efnum í fæðu.

Gengnar verða þekktar gönguleiðir bæði í nær umhverfi Garðaskóla og í grennd við höfuðborgina. Unnin verða fjölbreytt verkefni í formi fyrirlestra og jafningjafræðslu tengd næringarfræði. Ástundun í göngurnar og jafningjafræðsla verða metin til einkunnar. Ekkert lokapróf.

Kennslustundir miðast við eina á viku, en unnið í lotum og að hluta utan stundaskrár.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Samfélagsgreinar

Heimspeki (Hem 3002)

Markmið: Að nemendur fái þjálfun í heimspekilegri samræðu. Í slíkri samræðu eru ýmsir færniþættir þjálfaðir s.s. hlustun, gagnrýnin hugsun, skapandi hugsun, umhyggja og færni nemenda í að tjá hugsun sína.

Í heimspeki er aðaláhersla lögð á að nemendur taki þátt í gagnrýninni samræðu í tímum. Textar, kvikmyndabrot og listaverk verða lögð fram til að vekja upp spurningar. Nemendur taka þessar spurningar til gagnrýnnar umfjöllunar og draga ályktanir um efnið sjálft. Þeir þurfa líka að gagnrýna sína eigin hugsun og vinnu hópansins.

Byrjað verður á að kynna sígild viðfangsefni heimspekinnar, t.d. rökræði, siðfræði og þekkingarfræði. Þegar líður á veturinn munu umræðuefni ráðast meira af áhuga hópansins. Dæmi um spurningar sem teknar hafa verið fyrir eru:

- „Segja vinir hver öðrum alltaf allan sannleikann?“
- „Hvað er tónlist?“
- „Er hægt að hugsa ekki neitt?“
- „Hvað er góður skóli?“

Stefnt er að því að nemendur vinni eitt stórt verkefni á skólaárinu þar sem þeir taka fyrir hugmynd að eigin vali og útfæra hana ítarlega. Lokaafurðin gæti verið t.d. kvikmynd, útvarpsviðtal eða ráðstefnuerindi.

Námsmat byggir að miklu leyti á virkni og frammistöðu nemenda í tímum. Vinnubók og önnur verkefni sem nemendur vinna gilda einnig til einkunnar.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Kvikmyndasaga (Kvi 3002)

Áfanginn er þannig samsettur að nemendur geta sótt hann í tvo vetur án þess að vinna með sama efni.

Fjallað er um upphaf kvikmyndagerðar, og tæknilega þróun undanfarin 100 ár í stórum dráttum.

Horft er á merkar kvikmyndir frá mismunandi tímabilum. Mikil áhersla lögð á að nemendur átti sig á hvernig nálgast má viðfangsefnið eftir mismunandi leiðum og hugmyndum.

Dæmi um þemu sem til umfjöllunar eru:

Vestrar

Sci.Fi. myndir

Sögulegar persónur og atburðir í kvikmyndum

Seinni heimsstyrjöldin í kvikmyndum

Víetnamstríðið

Frægar glæpamyndir

Markmið með kennslu áfangans er að bæta myndlæsi nemenda og kenna þeim að horfa á kvikmyndir með gagnrýnum hætti.

Umræður um efnið, þar sem áhersla er lögð á að allir taki virkan þátt, og virkni í umræðum er hluti af námsmati í greininni.

Nemendur átti sig á hvernig kvikmyndir hafa í gegnum tíðina endurspeglað tíðaranda og pólitík viðkomandi tíma.

Læra að kynnast og þekkja nokkra af merkustu kvikmyndagerðamönnum samtímans og liðinnar aldar.

Námsmat:

Vinna og virkni nemenda, verkefni og próf í lok hverrar annar.

Kennslustundir eru 2 á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Sálfræði (Sál 2002)

Markmið áfangans er að nemendur fái fjölbreytta innsýn í hegðun, hugsun og heila mannsins – heim sálfræðinnar.

Nemendur fá tækifæri til þess að skoða sálfræðina frá ýmsum hliðum. Til að byrja með verður uppruni, helstu stefnur og viðfangsefni sálfræðinnar í brennidepli. Síðar verða valin viðfangsefni sálfræðinnar skoðuð nánar. Af helstu atriðum má nefna kenningar um persónuleika, persónuleikapróf, félagssálfræði, skýringar á félagslegri hegðun, líkamstjáning, lífeðlisleg sálfræði, auglýsingar og kauphegðun.

Unnin verða fjölbreytt skrifleg verkefni, gerðar rannsóknir og sjálfskoðanir, haldnir nemendafyrirlestrar og viðfangsefni rædd í hópum.

Námsmat:

Með fyrirvara um breytingar:

Þátttaka í umræðum 25%, verkefnabók 25%, nemendafyrirlestur 25%, rannsóknarverkefni 25%. Ekkert lokapróf.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Íþróttir

Slökun (Slö 1001)

Í slökun er aðaláherslan lögð á að nemendur kynnist tækni við það að öðlast hugarró. Farið verður í grunnþætti slökunar, mikilvægustu þættir hennar eru djúp öndun og góðar teygjur. Teygjur eru slökun og þær stuðla að góðu jafnvægi í líkamanum. Einnig er stefnt að nemendur nái færni í yoga stöðum og þjálfist í fjölbreyttum æfingum. Nýjung verður í slökun; nemendur munu vinna með „nuddrúllur“. Rúllurnar eru gott tæki til að mýkja stærstu vöðvahópana og viðhalda liðleika.

Lykilhæfni:

Að geta verið innan um aðra nemendur á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.

Tímarnir eru verklegir því er gott að mæta í þægilegum klæðnaði/íþróttafötum

Námsmat/hæfniskröfur:

virgni í kennslustundum, samvinna og viðmót. Að nemandi geti framkvæmt þær æfingar sem unnið er með hverju sinni, skilmerkilega fyrir framan hóp samnemenda.

Kennslustund er ein á viku.

Að rækta líkamann (ARL 3001)

Markmið og hæfnisviðmið með valfaginu er að nemandinn:

- öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. næringar, hreyfingar og þjálfunarpúls.
- taki þátt í hópverkefnum þar sem krafist er samvinnu við undirbúning og framkvæmd tíma og stjórn kennslustund
- kunni skil á helstu hugtökum þjálfraðinnar, eins og mikilvægi upphitunar, þoli, krafti, hraða, samhæfingu og liðleika
- valfagið er kjörið fyrir þá sem hafa almennt áhuga á líkamsrækt

Kennslustaðir: íþróttahús, íþróttavellir, tækjasalur, kennslustofur vettvangsferðir

Námsmat byggir á virgni í tímum, verkefnaskilum og símat. Nemandi stýrir verklegum tíma og skilar tímaseðli

Kennslustund er ein á viku.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk en ekki bæði árin

Áfanginn er kynjaskiptur

Skólahreysti (SKÓ 3001)

Markmið með valfaginu er að nemandinn:

- ✓ Lögð verður áhersla á æfingar sem auka færni nemenda í skólahreysti, eins og styrk, úthald, hraða og snerpu.
- ✓ Ýmsar hraðaprautir, stöðva- og þrekhringir, leikir og trampólín æfingar
- ✓ Áhersla á ýmiss tækniatriði og reglur í sambandi við skólahreystibrautina
- ✓ Nemendur fá fræðslu um rétt mataræði, þjálfunar- og hámarkspúls, og mikilvægi hreyfingar
- ✓ Markmið okkar er að þjálfa fulltrúa Garðaskóla fyrir hina árlegu skólahreystikeppni Grunnskóla

Kennslustaðir: Útihreystibraut, fimleikasalur

Námsmat byggir á þátttöku og virkni í tímum

Ástundun, þátttaka og virkni í tímum

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk

Þátttakendur eru af báðum kynjum.

Kennslustund er ein á viku.

Aðrar greinar

Boðið til veislu (Boð 2001)

Kennd er matreiðsla mismundandi rétta, bæði einfaldra og flóknari ásamt réttum sem eiga uppruna sinn að rekja til annarra þjóða. Kennd er gerð aðal/smárétta og eftirrétta, einnig bakstur af ýmsu tagi, svo sem kökubakstur, tertubakstur og brauðbakstur. Lögð er áhersla á góðan anda og góðan mat.

Markmið

Að nemandi:

- auki þekkingu, færni og leikni í heimilisstörfum.
- læri að tileinka sér og umgangast þau tæki og áhöld sem notuð eru við matreiðslu mismunandi rétta.
- kynnist störfum í eldhúsi við undirbúning og matreiðslu ólíkra veislu- og skyndirétta.
- fái innsýn í gerð bæði einfaldra og flóknari rétta svo sem kjötrétta, fiskrétta, smárétta, eftirrétta, brauð og kökubaksturs.
- fái innsýn í að leggja mat fallega upp á disk svo maturinn njóti sín sem best hvað varðar litasamsetningu og mismunandi hráefni.
- kynnist mismunandi hráefni og læti að undirbúa og matreiða úr því.
- tileinki sér þær reglur sem gilda um hreinlæti og við meðhöndlun mætvæla.
- kynnist matarhefðum ólíkra þjóða með réttum og matreiðsluháttum t.d. frá Asíu, Mexíkó, Indlandi, Ítalíu, Spáni og Frakklandi.

Námsmat

Byggir á símati og gefin er einkunn einu sinni í viku.

Matsþættir: Samvinna=25% - Sjálfstæði=25%

Hegðun/virkni=25% - Frágangur/þrif=25%

Kenndar eru tvær stundir á viku hálftr skólaárið, einungis verklegt.

Fjármálalæsi (Fjá 2001)

Fjármálalæsi er nýr valkostur í 10. bekk. Markmið greinarinnar er að kynna fyrir nemendum hugtök fjármálanna s.s. vexti, verðbætur, álagningu, ábyrgðir, áhættustýringu, sparnað og mismunandi sparnaðarform og að kunna að meta sjálfstætt að verðmætameta vöru og þjónustu. Þá verða kynnt fyrir nemendum hlutabréf og verðbréfavíðskipti, gengisskráning mynta og bréfa, kauphallaviðskipti og samanburður gerður milli landa og markaðssvæða. Einnig verður fjallað um miksmunandi markaðssvæði heimsins, fríverslun, tollabandalög ofl.

Í fjármálalæsinni fá nemendur heimsóknir frá mismunandi peningastofnunum og fyrirlestra frá þeim og kynningar og farið verður í heimsóknir til þeirra. Þá verður stefnt að heimsókn og kynningu Kauphallar Íslands og fyrirtæki skráð í Kauphöll kynnt.

Sérstök áhersla verður lögð á að gera verkefni lifandi og í takti við hraða samtímans og því verður náð fylgst með breytingum gengis, fylgst með stærstu viðskiptum, og gerðar verðkannanir með jöfnu millibili.

Námsefni: Stuðst við námsbækur í fjármálalæsi og efni frá fjármálafyrirtækjum og stofnunum. Áhersla lögð á hópstarf nemenda og sjálfstæði í vinnubrögðum. Talsverð vinna á tölvur/netvinnu.

Námsmat:

Próflaus áfangi, en símat og sjálfsmat lagt til grundvallar einkunn.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Skák (Ská 3001)

Markmið með áfanganum er að nemendur þjálfist í skákíþróttinni. Hentar jafnt byrjendum sem og lengra komnum.

Farið verður í ýmsar æfingar og brellur. Haldið mót og farið á skákmót. Einnig verður leikin Netskák.

Námsmat: Sjálfsmat, jafningjamat ásamt mati kennara á vinnu og virkni

Kennslustund er ein á viku hálf t.árið.

Þennan áfanga er hægt að velja í 9. og 10. bekk.

Starfskynningar og fræðsla (Stf 2001)

Markmið áfangans er að nemendur fái fjölbreytta innsýn í nám og störf er snúa að raunvísindum og tækni. Farið verður í heimsóknir í fyrirtæki þar sem hin ýmsu störf verða kynnt fyrir nemendum og menntunarleiðir skoðaðar. Úrvinnsla hjá náms- og starfsráðgjafa sem hefur umsjón með verkefni.

Námsmat: Ástundun í vinnustofu (úrvinnsla) og þátttaka í starfskynningum er forsenda námsmats. Lokið/ólókið.

Ekkert lokapróf.

Áfangi þessi er hluti af **Gert verkefni** sem er aðgerðaráætlun á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambandi íslenskra sveitafélaga og Samtaka iðnaðarins til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Garðaskóli er einn af þeim skólum sem taka þátt í þessu verkefni.

Kennslustundir eru tvær á viku og kennt er fyrir eða eftir áramót.

Stuttmyndagerð (Stu 2002)

Námsþættir:

- Handrit.
- Kvikmyndatökur.
- Klippingar.
- Hljóð.

Viðfangsefni stuttmyndahóps eru margvísleg. Reglubundin skrásetning á atburðum í skólalífinu og starfsemi Garðalundar og miðlun á því til annarra nemenda. Unnið verður með heimildamynda- og fræðslumyndaformið ásamt því að nemendur fá tækifæri til að útfæra eigin hugmyndir í samvinnu við kennara og aðra í hópnum.

Til að gera kvikmyndir þarf mikla undirbúningsvinnu. Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að leggja mikið á sig. Þeir þurfa að sýna frumkvæði og geta unnið saman í hóp. Ennfremur þurfa þátttakendur að vera tilbúnir til að leika í þeim myndum sem gerðar verða. Til þess að ofangreindum skilyrðum verði fullnægt áskilur kennari sér rétt til að velja nemendur að undangengnu viðtali.

Kennslustundir eru tvær á viku.

Fornám að ökunámi (Öku 2001)

Góður undirbúningur fyrir hefðbundið ökunám.

Námsþættir:

- Hvernig skapast hættur í umferðinni og hvernig bregst maður við þeim?
- Hvaða reglur gilda í umferðinni?
- Fréttir, auglýsingar og áróður.
- Farið yfir hvernig hinir ýmsu hlutar bílsins virka.
- Öryggi og öryggisbúnaður.
- Hvaða réttindi og skyldur fáum við með ökuprófinu?

Námsmat: Verkefni og virkni í tímum.

Kennslustundir eru tvær á viku hálf t.árið.

Val sem þarf að sækja um sérstaklega

Nemendaráðgjöf (Nem 3001)

Nemendaráðgjöf er m.a. byggð á þeirri hugmynd að unglingar leita oft til vina eða jafningja ef þeir þurfa að taka einhverja mikilvæga ákvörðun eða eru í einhverjum vanda.

Hlutverk nemendaráðgjafa í Garðaskóla verður m.a. að styðja og aðstoða einstaka nemendur, vinna að bættum samskiptum, fræða yngri nemendur um einelti, kynna skólann og aðstoða nýja nemendur. Önnur verkefni verða valin í samráði við nemendaráðgjafana sem starfa með og undir leiðsögn námsráðgjafa skólans. Nemendaráðgjafar þurfa að vera góðar fyrirmyndir og hafa einlægan áhuga á að bæta skólann.

Nemendaráðgjöf getur komið í stað valgreinar (1.st.).

Ein kennslustund á viku allt skólaárið

Sækja þarf um nemendaráðgjöf hjá námsráðgjöfum. Skrá þarf í athugasemdadálk á valblaði ef sótt er um og verða þeir sem sækja um boðaðir í viðtal.

Félagsmálafræði (Fél 3002)

Sækja þarf um félagsmálafræði í félagsmiðstöðinni Skrá þarf í athugasemdadálk á valblaði ef sótt er um.

Nemendum gefst kostur á því að fækka um eina valgrein í staðinn fyrir þátttöku í félagsmálafræði. Nemendum gefst kostur á því að fækka um eina valgrein í staðinn. Gefin er einkunn í lok haust- og vorannar. Þeir sem hafa áhuga á að starfa að félagsmálum næsta vetur þurfa að skila inn umsókn til félagsmiðstöðvarinnar og verða umsækjendur síðan boðaðir í viðtal. Athugið að valið er ekki frjálst heldur háð samþykki og samkomulagi við stjórnendur. Nánari upplýsingar eru hjá umsjónarmönnum Garðalundar, Brynhildi eða Gunnari.

Hafa ber í huga að þetta er ábyrgðarmikil og krefjandi vinna og aðeins fyrir þá sem eru áhugasamir um öflugt félagslíf í skóla og félagsmiðstöð.